



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála. (Þingskjal 558 — 417. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofanefnt frumvarp.

Samtökin fagna því skrefi sem hér er lagt til að verði stigið með því að lögbinda hlutverk samskiptaráðgjafa í íþróttá- og æskulýðsstarfi og lýsa yfir ánægju með að brugðist sé við ákalli frá íþróttakonum sem lýst hafa brotum gegn sér í íþróttastarfi. Afar mikilvægt er að vinna gegn ofbeldi gegn börnum á öllum vettvangi og mikilvægt einnig að uppfylla þarfir barna til verndar gegn ofbeldi í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Þetta frumvarp er sannarlega skref í rétta átt.

Eftirfarandi telja samtökin þó þurfa frekari skýringa við eða nánari útfærslu:

- 1) Er ætlunin að hér sé stofnað embætti samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs? Ef til vill væri hægt að skýra þennan þátt nánar í greinargerð.
- 2) Að mati samtakanna er mikilvægt að gera ríkari og þrengri kröfur um menntun samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, svo sem um að viðkomandi hafi menntun á sviði mannréttinda, félagsráðgjafar, sálfræði og hafi reynslu og þekkingu á málefnum og réttindum barna.
- 3) Þar eð hlutverk samskiptaráðgjafa virðist vera að vera beggja megin borðsins, þykir rétt að nefna að e.t.v. þurfi einnig að tryggja þolendum ofbeldis í íþróttastarfi rétt til réttargæslumanns, svo tryggt sé að brugðist sé rétt við lögformlega þegar alvarleg brot eiga sér stað.

Barnaheill styðja við frumvarpið og vonast til að það verði, að teknu tilliti til athugasemda, samþykkt sem lög frá Alþingi.

Barnaheill vinna að mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi, m.a. með því að leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi.